BORGARRÁÐ 19. NÓVEMBER 2026: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar um mögulegt söluferli Ljósleiðarans - MSS26110069

Í tilefni af tillögu um að hefja mögulegt söluferli á Ljósleiðaranum, dótturfélagi Orkuveitunnar óska fulltrúar Samfylkingarinnar eftir skriflegu mati borgarlögmanns á málinu áður en tillagan verður tekin til afgreiðslu, þar sem eftirfarandi liggi fyrir: 1. Greining á því hvort breyting á eignarhaldi Ljósleiðarans geti haft sérstök áhrif á fjárhagslega hagsmuni Sýnar og tengdra fjárfesta. 2. Upplýsingar um aðkomu og hlutverk Arion banka í ferlinu, eignatengsl hans við fyrirtæki á fjarskiptamarkaði, og hvernig hugsanlegir hagsmunaárekstrar verða meðhöndlaðir. 3. Núverandi borgarstjóri sagði sig úr stjórn Orkuveitunnar vegna mögulegs vanhæfis á síðasta kjörtímabili. Hefur hæfi borgarstjóra verið metið í tengslum við fyrirhugað söluferli Ljósleiðarans?